



FJÖLBAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA



Samningur milli Fjölbautaskólans við Ármúla og Landspítala um verklegt nám og launaða starfsþjálfun nemenda í FÁ á starfsmenntabrautum

1. Inngangur

Aðilar samnings þessa eru Fjölbautaskólinn við Ármúla/Heilbrigðisskólinn (FÁ) kt. 590182-0959 og Landspítali (LSH) kt. 500300-2130.

Samningur þessi varðar samstarf LSH og FÁ um kennslu og leiðsögn nemenda á starfsmenntabrautum á heilbrigðissviði FÁ.

Ákvæði samningsins gilda um nemendur við FÁ sem sækja verklegt nám og launaða starfsþjálfun á Landspítala (sjá fylgiskjal 1). Reglur námsbrauta gilda um námið eftir því sem við á. Ef ósamræmi er á milli reglna í námskrá og ákvæða samnings þessa, koma FÁ og Landspítali sér saman um sameiginlega niðurstöðu.

2. Grundvöllur

Með samningi þessum tekur Menntadeild Landspítala að sér, fyrir hönd Landspítala, að sjá nemendum FÁ fyrir námsplássum í verklegu námi, í samræmi við námskrá og óskir FÁ, eftir því sem kostur er hverju sinni. Enn fremur munu Mannauðsdeild og Menntadeild Landspítala leitast við að sjá nemendum í launaðri starfsþjálfun fyrir námsplássum, eftir því sem kostur er hverju sinni (sjá fylgiskjal 2).

3. Umsjónaraðili/námsstjórni

Kennslustjórar viðkomandi heilbrigðisbrauta hjá FÁ hafa umsjón með náminu og annast umsýslu þess, þ.e. upplýsingagjöf til nemenda, tilkynningar, upplýsingar í kennsluskrá og annað samkvæmt skilmálum Landspítala og FÁ um þátttöku nemenda í verklegu námi á Landspítala (sjá fylgiskjal 3). Við upphaf verklegs náms á Landspítala skal kynna nemendum sameiginlega skilmála Landspítala og FÁ sem gilda um þátttöku þeirra í náminu.

4. Verklegt nám og launuð starfsþjálfun á Landspítala

Landspítali leitast við að veita þeim nemendum, sem FÁ óskar eftir að stundi verklegt nám eða launaða starfsþjálfun innan spítalans, aðstöðu til þess sem og aðgang að viðeigandi efniviði í samræmi við þær reglur sem um námið gilda (sjá fylgiskjal 1).

5. Fjárhagsleg samskipti

Laun til nemenda í launaðri starfsþjálfun (sjá fylgiskjal 1) eru greidd af Landspítala samkvæmt kjarasamningum. FÁ greiðir leiðbeinendum innan LSH sem hafa umsjón með sjúkraliðanemendum í verklegu námi þóknun samkvæmt kjarasamningum. Landspítali og FÁ skipta með sér að jöfnu beinum kostnaði sem hlýst af berklaprófum og bólusetningum gegn lifrabólgu B.

6. Þagnarskylda og aðgangur að rafrænni sjúkraskrá

Um aðgang nemenda að gögnum spítalans fer alfarið eftir reglum Landspítala um aðgangsheimildir svo og öðrum reglum sem þar eru í gildi. Öllum þeim sem að verklegu námi koma er óheimilt að viðlagðri ábyrgð, að skýra óviðkomandi aðilum frá atriðum sem þeir fá vitneskju um, í námi, starfi eða við kennslu á Landspítala, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða fyrirmælum kennara/yfirmanna eða eðli máls. Kennslustjóri viðkomandi starfsmenntabräutar FÁ sér til þess að nemendur í verklegu námi og kennrarar þeirra skrifi undir þagnareið áður en verklegt nám hefst á Landspítala (sjá fylgiskjal 5). Nemendur í launaðri starfsþjálfun undirrita þagnareið um leið og þeir skrifa undir ráðningarsamning.

Nemendur fá aðgang að rafrænni sjúkraskrá eftir því sem við á. FÁ sér um að kynna fyrir nemendum „Reglur er varða notkun sjúkraskrárapplysinga á Landspítala“ og láta þá undirrita yfirlýsinguna (sjá fylgiskjal 6).

7. Réttindi og skyldur nemenda

Nemendur FÁ á starfsmenntabräutum, sem stunda verklegt nám á Landspítala samkvæmt samningi þessum, hafa margvísleg réttindi og skyldur innan Landspítala meðan á námsdvöl stendur (sjá fylgiskjal 4). Nemendur í launaðri starfsþjálfun njóta réttinda í samræmi við kjarasamninga.

8. Gildistími og uppsögn

Samningurinn gildir í 5 ár frá undirritun.

Aðilar samningsins geta á gildistímanum haft frumkvæði að breytingum á honum og skal það gert ef forsendur breytast að verulegu leyti. Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum aðilum.

Reykjavík, 11. mars 2015


Steinn Jóhannsson
Skólameistari Fjölbautaskólans við Ármúla


Páll Matthíasson
Forstjóri Landspítala

Fylgiskjöl

Fylgiskjöl samnings milli Fjölbautaskólans við Ármúla og Landspítala um verklegt nám og launaða starfsþjálfun nemenda í FÁ á starfsmenntabrautum.

Fylgiskjal 1. Nemendur FÁ sem stunda nám á Landspítala

Verklegt nám:

- Sjúkraliðanemar
- Heilbrigðisritaranemar
- Framhaldsnám sjúkraliða
- Lyfjatækninemar

Launuð eða ólaunuð starfsþjálfun:

- Sjúkraliðanemar
- Læknaritaranemar

Fylgiskjal 2. Verklag við beiðnir um námspláss á Landspítala fyrir nemendur FÁ

Áætlun og beiðni FÁ um fjölda nemenda í verklegt nám fyrir næsta skólaár og skiptingu á deildir, ásamt stundafjölda í klínísku námi, skulu sendast á Menntadeild á Landspítala í byrjun júní ár hvert vegna haustmisseris, en í byrjun október vegna vormisseris. Menntadeild mun svara beiðni FÁ eigi síðar en mánuði eftir að hún berst.

Nemendur FÁ í sjúkraliðanámi stunda alla jafna verklegt nám á Landspítala á eftirfarandi tímabilum:
Fyrstu sjö vikur ársins og þrjár vikur í maí.

Sjúkraliðanemendur í launaðri starfsþjálfun sækja sjálfir um stöðu á vef Landspítala, sjá:
<http://www.landspitali.is/um-landspitala/laus-storfi/> (Umsókn um launaða starfsþjálfun sjúkraliðanema).

Fylgiskjal 3. Skilmálar Landspítala og FÁ um þátttöku nemenda í verklegu námi á Landspítala.

Pagnarskylda og aðgangur að rafrænni sjúkraskrá

- FÁ sér um að upplýsa nemendur um þagnarskyldu, láta þá undirrita eyðublað um þagnarskyldu og varðveita það (sjá fylgiskjal 5).
- Nemendur fá aðgang að rafrænni sjúkraskrá ef við á. FÁ sér um að kynna fyrir nemendum „Reglur er varða notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala“, láta þá undirrita yfirlýsingum um að þeir samþykki að fara eftir reglum og varðveiti yfirlýsinguna (sjá fylgiskjal 6). Starfsmenn Menntadeildar áskilja sér rétt til að skoða reglulega undirritaðar yfirlýsingar.

Auðkenniskort

- Ætlast er til að allir nemar beri auðkenniskort fyrir nemendur frá Landspítala. Kortið gildir meðan á námi stendur, en að því loknu ber nemanda að skila því. Nemanda er óheimilt að nota kortið þegar hann er ekki í verklegu námi eða launaðri starfspjálfun.

Heilsuvernd nemenda

- FÁ skipuleggur í samvinnu við Menntadeild og starfsmannahjúkrunarfraeðinga berklapróf og bólusetningar gegn lifrabólgu B fyrir sjúkraliðanemendur skólans á göngudeild A-3 í Fossvogi. Landspítali og FÁ skipta kostnaði vegna berklaprófa og bólusetninga til helminga. Ef nemandi mætir ekki í fyrirfram skipulagða hóptíma, þarf hann að leita til heilsugæslustöðvar vegna berklaprófs og bólusetninga, á eigin kostnað.
 - Berklapróf.* Öllum sjúkraliðanemendum er skylt að fara í berklapróf eða skila vottorði um bólusetningu gegn berklum áður en þeir hefja verklegt nám í fyrsta sinn á spítalanum.
 - Lifrabólga B.* Sjúkraliðanemendum er skylt að láta bólusetja sig gegn lifrabólgu B. Er þetta gert í samræmi við tilmæli sóttvarnarlæknis (sbr. dreifibréf Embættis landlæknis nr. 3/2011). Bólusett er þrisvar á 6 mánaða tímabili. Önnur sprautan er gefin mánuði eftir hina fyrstu og sú þriðja fimm mánuðum eftir það.
- Kannað hefur verið hvort nemandi hefur unnið, legið á eða fengið meðferð á erlendri sjúkrastofnun sl. sex mánuði. Leita þarf að MÓSA (Meticillín ónæmum Staphylococcus aureus) hjá þeim nemendum sem það hafa gert. Leit er gerð á göngudeildum í Fossvogi (543-2040) og er nemendum að kostnaðarlausu. Staðfesting á neikvæðu svari þarf að liggja fyrir hjá FÁ áður en verklegt nám hefst.
- Öllum sjúkraliðanemendum er skylt að skila vottorði um að þeir hafi fengið eftirtalda sjúkdóma, eða hafi verið bólusettir gegn þeim (sbr. dreifibréf Embættis landlæknis nr. 3/2011): Barnaveiki (Diphtheria), stífkrampi (Tetanus), kíghósti (Pertussis), mænusótt (Polio), mislingar (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðir hundar (Rubella). Nemendur fái meðfylgjandi vottorð (Fylgiskjal 7) undirritað á heilsugæslustöð og greiði sjálfir fyrir það. Vottorðinu skal skilað til umsjónarmanns hjá FÁ áður en verklegt nám hefst á Landspítala. Ef nemandi þarf endurbólusetningu ber hann kostnað af því.

Tryggingarvernd

- Samkvæmt III. kafla 20 gr. laga um almannatryggingar er nemandi sem stundar nám á LSH slysatryggður meðan á námi þar stendur. Nemandinn nýtur ekki frekari tryggingaverndar af hálfa opinberra aðila, en er eindregið hvattur til að íhuga stöðu sína og þá vernd sem einkavátryggingar veita. Nemendur í klínísku námi njóta sömu tryggingaverndar og starfsmenn spítalans að því er varðar bótaábyrgð gagnvart sjúklingum, enda vinna þeir undir handleiðslu og á ábyrgð starfsmanna á LSH.

Fylgiskjal 4. Réttindi og skyldur nemenda FÁ á LSH

Við störf sín sem tengjast náminu njóta nemendur FÁ sömu tryggingaverndar og starfsmenn LSH, enda vinna þeir undir handleiðslu og á ábyrgð starfsmanna LSH, sem leiðbeina þeim hverju sinni. Nemendur hafa aðgang að mötuneytum Landspítala og fá afnot af vinnufatnaði.

Nemendur hafa aðgang að þjónustu og gögnum bókasafns Landspítala í Eirbergi á meðan þeir eru í námi.

Nemendur skulu bera auðkenniskort sem sýni greinilega að þeir eru nemendur.

Sjúkraliðanemendur skulu undirgangast bólusetningar og aðrar þær öryggisráðstafanir, s.s. MÓSA ræktun, sem gilda um starfsmenn spítalans á hverjum tíma.

Samningsbundin réttindi fara eftir ákvæðum einstakra samninga. Laun nemenda í launaðri starfsþjálfun fara eftir gildandi samningum.

Fylgiskjal 5.



Þagnarskylda

Ég undirrituð / undirritaður staðfesti hér með að mér er skyld að gæta þagmælsku um atriði, sem ég fæ vitneskju um í námi eða starfi á Landspítala eða öðrum heilbrigðisstofnum, og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna/starfsmanna eða eðli máls. Í þagmælskunni felst virðing fyrir sjúklingum, aðstandendum, samstarfsmönnum og starfsemi spítalans.

Þagnarskyldan nær til allrar vitneskju um sjúklinga, sjúkdóm þeirra, meðferð og annarra persónulegra upplýsinga og helst hún þó að sjúklingur andist. Akvæði laga og reglna um þagnarskyldu heilbrigðisstarfsmanna eiga við um þagnarskyldu mína.

Óheimilt er að taka ljósmyndir af sjúklingum eða meðferð þeirra, fjölfalda slíkt efni eða taka upp hljóð. Óheimilt er að tjá sig um málefni einstakra sjúklinga, jafnvel þótt það sé ónafngreint og gildir það í ræðu sem og riti, t.a.m. á samskiptasíðum.

Þagnarskyldan helst þótt ég láti af starfi, ljúki eða hætti námi.

Nafn með prentstöfum

Kennitala

Staður og dagsetning

Undirskrift nemanda

(S)

P.M.



Fylgiskjal 6.

Reglur er varða notkun sjúkraskrár upplýsinga á Landspítala

Siðareglur

1. Sú meginregla gildir við meðferð heilsufarsupplýsinga á LSH að starfsmaður skal einungis leita eftir þeim upplýsingum um sjúklinga á LSH sem hann þarf á að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins eða í öðrum lögmætum tilgangi og þar sem fyrir liggur að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum. Óheimilt er að leita eftir upplýsingum í öðrum tilgangi og sjúklingar eiga rétt á því að starfsmenn skoði ekki gögn er þá varða að nauðsynjalausu.
2. Starfsmaður skal nota eigið aðgangsorð í öllum tilvikum þegar leitað er eftir upplýsingum í rafrænni sjúkraskrá.
3. Óheimilt er að lána öðrum einstaklingum eigið aðgangsorð og starfsmenn bera ábyrgð á öllum aðgangi sem á sér stað á þeirra aðgangsorði.
4. Óheimilt er að nota aðgangsorð annarra við uppflettingar í sjúkraskrám.
5. Það telst eðlileg meðferð aðgangsheimilda að sjúkraskrá að skoða persónuupplýsingar um sjúkling er vistast á skipulagskjarna (deild/sérgrein) þar sem viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður vinnur og þarfnað slíkt ekki sérstakra skyringa enda sé notkunin tengd meðferð viðkomandi sjúklings. Starfsmaður sem skoðar og/eða vinnur á annan máta með heilsufarsupplýsingar á LSH skal geta gert grein fyrir tilgangi notkunarinnar þegar þess er krafist.
6. Óski sjúklingur upplýsinga um hver/hverjur hafi skoðað og/eða unnið með heilsufarsupplýsingar sem skráðar hafa verið um hann, ber LSH skylda til að veita umbeðnar upplýsingar. LSH áskilur sér rétt til að gera það án sérstakrar tilkynningar til heilbrigðisstarfsmanns/heilbrigðisstarfsmannna. Sjúklingurinn getur þannig átt þátt í eftirliti með því hvernig heilsufarsupplýsingar í sjúkraskrá eru nýttar.

Eftirlit

Aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að heilsufarsupplýsingum í sjúkraskrá er skráður hverju sinni þannig að hægt er að rekja hverjur hafa farið inn á hverja sjúkraskrá. Sérstök eftirlitsnefnd, í samstarfi við upplýsingatækniideild, annast eftirlit með því hvernig upplýsingar eru sóttar í tölvukerfi spítalans og hvort það sé í samræmi við gildandi aðgangsheimildir. Komi fram vísbendingar um misnotkun skal það samstundis tilkynnt framkvæmdastjóra lækninga sem ber ábyrgð á eftirliti með meðferð og vörslu heilsufarsupplýsinga á LSH.

Viðurlög

Brot á reglum þessum og misnotkun trúnaðarupplýsinga um sjúklinga á LSH geta varðað áminningu eða brottrekstri úr starfi auk tilkynningar til landlæknis og/eða kæru til löggreglu eftir því sem talið er eiga við í hverju tilviki.

Ef talið er að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eða öðrum lagafyrirmælum er vernda almannarétt eða réttindi sjúklinga verður mál umsvifalaust kært til löggreglu.

Sú háttsemi að skoða sjúkraskrá sjúklings án þess að starfsmaður þurfí á upplýsingum að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins, sbr. nánari skýringar hér að framan, telst vera brot í starfi í skilningi 21. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 og varðar áminningu samkvæmt 44. gr. sömu laga og brottvikningu úr starfi sé um ítrekun brots að ræða.

Yfirlýsing vegna aðgangs að sjúkraskrárkerfum á Landspítala

Ég undirrituð/undirritaður staðfesti að hafa lesið reglur um notkun sjúkraskrárupplýsinga á Landspítala og samþykki að fara eftir reglunum.

**Ég heiti því að leita eingöngu eftir þeim upplýsingum um sjúklinga, sem ég þarf að halda í starfi mínu í þágu sjúklings eða í öðrum lögmætum tilgangi.
Mér er ljóst að öll önnur notkun gagnanna er óheimil.**

Ég geri mér grein fyrir:

- að brot á reglum þessum muni leiða til viðbragða af hálfu Landspítala.
- að brot á umgengni um sjúkraskár sbr. framanritað geti varðað áminningu eða brottvikningu úr starfi.
- að brot á ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga, almennum hegningarlögum eða öðrum lagafyrirmælum er vernda almannarétt eða réttindi sjúklinga verði kærð til löggreglu.
 - að brot kunni að verða tilkynnt landlækni.

Staður og dagsetning

Undirskrift nemanda

Kennitala

85

P.M.

Fylgiskjal 7.



Staðfesting á bólusetningum fyrir nemendur í heilbrigðisgreinum

Nafn nemandra: _____ Kennitala: _____

Nám: _____

Grunnbólusetningar

Tryggt skal að nemandi sé fullbólusettur gegn eftirfarandi sjúkdómum:

Barnaveiki (Diphtheria), stífkampa (Tetanus), kíghósta (Pertussis), mænusótt (Polio), mislingum (Morbilli), hettusótt (Parotitis epidemica) og rauðum hundum (Rubella).

Varðandi endurbólusetningar: Endurbólusetningar er þörf á 10 ára fresti gegn barnaveiki, stífkampa og kíghósta (dtp). Boostrix®. Ef það eru liðin meira en 10 ár frá bólusetningu, þarf einstaklingur að fara í endurbólusetningu áður en hann hefur störf.

**Það staðfestist hér með að ofangreindur nemandi er fullbólusettur
samkvæmt ofangreindum kröfum**

Dagsetning: _____

Undirskrift læknis/hjúkrunarfræðings: _____

Stimpill stofnunar:

81

P, M.